

Nýtt rafrænt tímarit: Tímarit um uppeldi og menntun

(English version on page 2.) Hér lítur fyrsta hefti *Tímarits um uppeldi og menntun* dagsins ljós. Áformað er að það komi út í rafrænu formi tvisvar á ári og verður hvort hefti um sig prentað skömmu síðar og sent áskrifendum auk þess sem það verður í boði í lausa-sölu. Tímaritið tekur við af tveimur eldri tímaritum, *Uppeldi og menntun*, og *Tímariti um menntarannsóknir*. Nýja tímaritið er gefið út í samstarfi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Félags um menntarannsóknir sem gáfu hin tímaritin út, hvort fyrir sig. Í fyrstu var samið um útgáfuna til tveggja ára. Ákveðið var að láta árgangaröð eldra tímaritsins halda áfram þannig að hér birtist 25. árgangur. Fyrst um sinn kemur ritið út tvisvar á ári: Um miðjan júní og miðjan desember.

Ritstjórar eru tveir, annar tilnefndur af Menntavísindasviði, og hinn af Félagi um menntarannsóknir. Í ráðgefandi ritnefnd hafa verið skipaðir fimm; þrír tilnefndir af Menntavísindasviði og tveir af Félagi um menntarannsóknir.

Ritstjórar og ritnefnd hafa ákveðið drög að ritstjórnarstefnu. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar sem nýnæmi skal vera í. Greinar geta verið á íslensku eða ensku. Í greinum á ensku skal vera alþjóðlegt nýnæmi. Tímaritið birtir einnig ritdóma, ítardóma, sem eru ritrýndir af a.m.k. einum fræðimanni, og stutta dóma sem ekki eru ritrýndir. Tímaritið birtir ekki annað óritrýnt efni. Í ritrýni er stuðst við jafningjarýni; leitað er til fræðafólks sem hefur sérþekkingu á efni eða aðferð handrits. Að jafnaði eru rýnar tímaritsins með doktorspróf eða langan fræðaferil að baki. Aðrir meginþættir ritstjórnarstefunnar koma fram í leiðbeiningum fyrir greinahöfunda og ritrýna. Þar er einnig lýst þeim kröfum sem gerðar eru til handrita sem samþykkt er að taka á móti til ritrýni og verkferlum.

Jafnframt því sem tímaritið kemur nú út á vef í frumútgáfu færast móttaka greina á vefumsjónarkerfið ojs.hi.is/tuuom og þar eru líka birtar leiðbeiningar um frágang greina, hvort heldur sem er á íslensku eða ensku.

Í þessu fyrsta hefti eru sex fræðigreinar um ólík efni og tveir ritdómar. Upphafleg handrit greinanna höfðu öll borist *Uppeldi og menntun* og var fyrsta greinin samþykkt af Guðrúnu V. Stefánsdóttur, ritstjóra *Uppeldis og menntunar*, fyrir áramót, áður en sameiningin gekk formlega í gildi en eftir að hún hafði verið ákveðin.

Útgefendur og ritstjórar tímaritsins vænta þess að samstarfið og þau tímamót að gefa ritið út á vef og taka á móti greinum í vefumsjónarkerfi verði til góðs fyrir útgáfu vísinda-greina á sviði uppeldis og menntunar.

A NEW ELECTRONIC JOURNAL - ICELANDIC JOURNAL OF EDUCATION

This is the first issue of a new journal published by the School of Education at the University of Iceland, and the Icelandic Educational Research Association. Previously, each of those two academic institutions published its own journal. These have now been merged into one, with a new name in Icelandic, while keeping the English name and the volume order of the *Icelandic Journal of Education*; thus, the new publication is launched as Vol. 25, Issue 1.

The journal publishes peer-reviewed articles which demonstrate elements of novelty. Manuscripts can be submitted in Icelandic or English; articles in English must offer content of international originality. The journal also seeks book reviews: short book reviews, as well as essay reviews which will be refereed. Further information may be accessed in instructions for authors and reviewers on the journal's website.

The journal is web-based. Each biannual issue is published on the website ojs.hi.is/tuom. Manuscripts are also submitted through this website and communication with authors is conducted from there.